

ISLEX fær nýtt útlit

Norræna veforðabókin *ISLEX* fékk nýtt útlit síðla árs 2019. Þá voru liðin átta ár frá því að orðabókin var fyrst opnuð á vefnum með markmálunum dönsku, sænsku og norsku (bókmáli og nýnorsku). Síðar bættust við færeyska (2015) og finnska (2018).

Nýja vefsíðan er létt og fersk og nú er leitin þægilegri en áður var. Viðmót orðabókarinnar í snjallsímum hefur einnig verið endurbætt. Meðal nýjunga er að hægt er að slá inn upphaf orðs og birtast þá tillögur um framhaldið (e. *autofill*). Einnig eru birt nokkur skyld orð þegar farið er í ákveðna flettugrein, sbr. *Mynd 1* sem sýnir flettuna *ósannindi*.



ósannindi **no hk ft**

📍 Framburður

🔗 Beyging

ó-sannindi

🌐 osanning en osanning, osanningen, osanningar, osanningarna, páhitt ett páhitt, páhittet, páhitt, páhitten

Skyldar færslur: skreytni no kvk uppspuni no kk skáldsaga no kvk skrók no hk

tilbúningur no kk skáldskapur no kk ranghermi no hk heilaspuni no kk lygi no kvk

staðleysa no kvk

Færslurnar eru nokkurs konar samheiti sem fengin eru með vélrænum hætti í gegnum markmálin.

Mynd 1: Flettugreinin *ósannindi* ásamt skyldum orðum. Skyldheitin eru fengin með vélrænni vinnslu á íslensku orðunum ásamt jafnheitum markmálanna.

Árið 2019 voru notendur *ISLEX* um 130.000 og er þá að finna í flestum heimshornum. Áhugavert er að skoða þróun þeirra tækja sem notendur fletta með í orðabókinni, en skiptingin er þessi: tölvur 54%, farsímar 36% og spjaldtölvur 10%. Hlutdeild farsíma til uppflættinga hefur aukist mjög á undanförunum fáum árum en fyrstu árin eftir opnun veforðabókarinnar (2011) var hlutfall farsíma lengi vel aðeins um 5%.

Skipting ISLEX eftir markmáli (þ.e. orðabókinni sem valin er) er eftirfarandi:

Danska	29%
Sænska	17%
Norska	14%
Nýnorska	12%
Færeyska	11%
Finnska	10%
Öll mál samtímis	7%

Danska er það tungumál sem mest er flett í (29% notenda) sem ekki ætti að koma á óvart þar sem hún er skyldufag í íslenskum skólum. Norska (bókmál) og nýnorska samanlagðar fylgja fast á hæla dönsku með 26% uppfléttinga, á meðan 17% notenda velja sænsku sem markmál. Það er athyglisvert að færeyska er notuð af 11% notenda sem hlýtur að teljast mikil notkun miðað við höfðatölu þjóðarinnar. Það væri áhugavert að skoða hvaða notendur eru þar á ferð og í hvaða tilgangi þeir nota orðabókina. Einnig er eftirtektarvert að 10% notenda velja finnsku orðabókina.

*Þórdís Úlfarsdóttir og Halldóra Jónsdóttir
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*